

REGLUR fyrir Háskólann á Hónum.

I. KAFLI **Hlutverk og gildissvið háskólans.**

1. gr.

Hlutverk og gildissvið.

Háskólinn á Hóum er vísindaleg fræðslu- og rannsóknastofnun á háskólastigi. Starfsemi skólans byggist á lögum nr. 85/2008 um opinbera háskóla með áorðnum breytingum og lögum um háskóla nr. 63/2006. Háskólinn á Hóum er miðstöð fyrir kennslu og rannsóknir í hestafræðum, reiðmennsku og reiðkennslu, fiskeldi og fiskalíffræði og ferðajónustu í dreifbýli. Við skólann er heimilt að starfrækja alþjóðlega deild í reiðmennsku og hestafræðum þar sem innheimta má skólagjöld. Stjórn Háskólans á Hóum er heimilt að stofna til kennslu eða rannsókna á öðrum fræðasviðum, enda uppfylli starfsemin skilyrði til viðurkenningar samkvæmt lögum nr. 63/2006, um háskóla.

II. KAFLI **Stjórnskipulag.**

2. gr.

Háskólaráð.

Stjórn Háskólans á Hóum er falin háskólaráði og rektor. Háskólaráð markar heildarstefnu í kennslu og rannsóknum og mótar skipulag háskólans. Háskólaráð fer með almennt eftirlit með starfsemi háskólans í heild og ber ábyrgð á því að hann starfi í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli. Háskólaráð fer með úrskurðarvald í málefnum háskólans og stofnana sem honum tengjast og heyra undir háskólaráð. Háskólaráð ber ábyrgð á framkvæmd samstarfssamninga sem háskólinn gerir við fyrirtæki og aðrar stofnanir. Þá hefur háskólaráð yfirumsjón með fyrirtækjum, sjóðum og almennum eignum Háskólans á Hóum. Háskólaráð setur reglur og viðmið um ráðningu starfsfólks skólans. Háskólaráð getur framselt ákvörðunarvald sem rektor eða öðrum stjórnendum er fengið í einstökum málum eða málaflokkum enda sé það gert skriflega og tilkynnt sérstaklega. Í háskólaráði sitja auk rektors, tveir fulltrúar háskólasamfélagsins tilnefndir af háskólaufundi, einn fulltrúi tilnefndur af stúdentafélagi Háskólans á Hóum, einn fulltrúi tilnefndur af þeim ráðherra sem fer með háskólamál og tveir fulltrúar tilnefndir af þeim fulltrúum sem fyrir eru í háskólaráði. Háskólaráð er skipað til tveggja ára í senn. Varamenn sitja fundi ráðsins í forföllum aðalfulltrúa. Óski þrír háskólaráðsfulltrúar eftir fundi er rektor skyld að boða til hans. Rektor er formaður háskólaráðs og boðar til funda eftir þörfum. Háskólaráðsfundur er ályktunarbær ef fimm atkvæðisbærir háskólaráðsmenn sækja fund hið fæsta. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði rektors úrslitum. Færa skal til bókar ákvarðanir háskólaráðs.

3. gr.
Rektor.

Rektor er formaður háskólaráðs. Rektor er yfirmaður stjórnsýslu háskólans og æðsti fulltrúi Háskólans á Hóum gagnvart mönnum og stofnunum innan háskólans og utan hans. Hann stýrir starfsemi háskólans og hefur frumkvæði að því að háskólaráð marki sér heildarstefnu í málefnum háskólans. Rektor ber ábyrgð á og hefur eftirlit með allri starfsemi háskólans, þ.m.t. ráðningar- og fjármálum deilda og stofnana. Hann ber ábyrgð á gerð starfs- og rekstraráætlana og að þær séu samþykktar af háskólaráði. Á milli funda háskólaráðs fer rektor með ákvörðunarvald í öllum málum háskólans. Rektor ræður framkvæmdastjóra og skipar deildarstjóra allra deilda og setur þeim erindisbréf og eða starfslýsingar. Háskólaráð getur heimilað að rektor ráði aðstoðarrektor, einn eða fleiri. Rektor ræður starfsfólk sameiginlegrar stjórnsýslu háskóla og setur því erindisbréf og eða starfslýsingar.

4. gr.

Skipun rektors.

Sá ráðherra sem fer með háskólamál skipar rektor til fimm ára samkvæmt tilnefningu háskólaráðs, en um skipun rektors við háskólann er fjallað í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 85/2008. Við val á rektor skal háskólaráð tilnefna þrjá menn í valnefnd til að meta hæfni umsækjenda og skal einn þeirra tilnefndur sem formaður nefndarinnar. Valnefndarmenn skulu hafa lokið æðri prófgráðu við háskóla og hafa auk þess marktæka stjórnunarreynslu á háskólastigi. Hæfni umsækjenda um embætti rektors skal metin í ljósi heildarmats með tilliti til vísinda- og útgáfustarfa, ferils sem háskólkennara eða í öðrum störfum, stjórnunarreynslu og með tilliti til þess hversu menntun og reynsla viðkomandi muni nýtast í starfi rektors. Engum má veita embætti rektors nema meirihluti valnefndar hafi látið í ljós það álit að viðkomandi teljist hæfur til að gegna starfinu. Ef sitjandi rektor háskólangs sækist eftir endurtilnefningu skal hann víkja af fundi háskólaráðs við afgreiðslu málsins. Háskólaráð skal annast um auglýsingu á lausu starfi rektors og getur ráðið falið sameiginlegri stjórnsýslu að annast framkvæmd þar að lútandi.

5. gr.

Háskólaufundur.

Háskólaufundur er samráðsvettvangur háskólasamfélagsins þar sem fram fer umræða um þróun og eflingu háskólangs. Háskólaufundur mótar og setur fram sameiginlega vísinda- og menntastefnu háskólangs að frumkvæði rektors. Háskólaráð getur leitað umsagnar háskólaufundar um hvaðeina sem varðar starfsemi háskólangs. Háskólaráð getur einnig falið háskólaufundi umfjöllun um fagleg málefni og akademíská stefnumörkun. Háskólaufundur er ályktunarbaer um þau málefni sem fundurinn telur að varði hag háskólasamfélagsins. Á háskólaufundi eiga sæti allir fastráðir starfsmenn Háskólangs á Hólum sem og tíu fulltrúar nemenda. Fulltrúar nemenda skulu kjörnir í sérstökum kosningum til tveggja ára í senn. Rektor boðar háskólaufund og stýrir honum eða felur öðrum stjórn hans. Háskólaufund skal halda að minnsta kosti einu sinni á hverju ári. Æski 2/3 hlutar fulltrúa sem sæti eiga á háskólaufundi fundar er rektor skyldt að boða til hans.

6. gr.

Framkvæmdaráð.

Framkvæmdaráð skólangs sinnir daglegum rekstri og samræmir starf deilda og sviða. Í framkvæmdaráði sitja rektor, deildarstjórar og framkvæmdastjóri.

7. gr.

Sameiginleg stjórnsýsla.

Hlutverk sameiginlegrar stjórnsýslu er að skapa deildum og starfsfólk háskólangs skilyrði til að vinna störf sín í samræmi við lög og reglur háskólangs. Rektor ræður stjórnendur og aðra starfsmenn sameiginlegrar stjórnsýslu. Framkvæmdastjóri stjórnsýslu leiðir sameiginlega stjórnsýslu skólangs í umboði rektors og er jafnframt staðgengill rektors. Hefur hann yfirumsjón með sviðum hinnar sameiginlegu stjórnsýslu skólangs sem eru: svið rannsókna, nýsköpunar og kennslu og svið mannauðs, gæða og rekstrar og annast fjáreiður háskólangs í umboði rektors. Rektor getur valið að skipa sviðsstjóra fyrir hvert svið. Rektor setur stjórnendum erindisbréf eða starfslýsing. Þá er rektor heimilt, með samþykki háskólaráðs, að fela deildarstjórum og formönnum nefnda háskólangs ábyrgð á verkefnum sem falla undir hina sameiginlegu stjórnsýslu. Með reglulegu millibili skal háskólaráð láta fara fram úttekt á starfsemi stjórnsýslu háskólangs.

8. gr.

Rannsóknaneftnd.

Rektor skipar rannsóknaneftnd til tveggja ára, eftir tilnefningu deilda. Í rannsóknaneftnd situr rannsóknastjóri sem jafnframt er formaður nefndarinnar, og einn fulltrúi frá hverri deild. Rannsóknaneftnd aðstoðar við móton rannsóknastefnu, hefur eftirlit með tölfraði um rannsóknir við skólann og sinnir gæðaeftirliti með rannsóknum og stuðlar að sýnileika rannsókna innan háskólangs.

9. gr.

Kennslunefnd.

Kennslunefnd er skipuð af rektor til tveggja ára, eftir tilnefningu deilda. Í henni sitja kennslustjóri sem jafnframt er formaður nefndarinnar og einn fulltrúi frá hverri deild. Kennslunefnd ber ábyrgð á gæðastjórnun námsins, sbr. 16. gr. og ákveður úrbætur eftir því sem þörf krefur í samvinnu við framkvæmdaráð háskólans. Kennslunefnd samþykkir kennsluskrár fyrir einstakar námsbrautir, mótar reglur um skráningu og eftirlit með framvindu náms, setur meginreglur og ber ábyrgð á inntöku nemenda, námsmati og mati á öðru námi. Jafnframt fjallar kennslunefnd um málefni sem varða tæknileg atriði í námi og samstarf við aðrar háskólastofnanir.

10. gr.

Kennslunefnd.

Framhaldsnámsnefnd er skipuð af rektor til tveggja ára, eftir tilnefningu deilda. Í nefndinni sitja kennslustjóri, sem jafnframt er formaður nefndarinnar og einn fulltrúi frá hverri deild. Hlutverk framhaldsnámsnefndar er að tryggja tengsl við aðrar menntastofnanir og hafa forgöngu um samræmingu námsins. Hún ber ábyrgð á gæðastjórnun námsins, sbr. 16. gr. Framhaldsnámsnefnd sér um inntöku nýrra nemenda í framhaldsnámum, hefur eftirlit með framvindu náms, tilnefnir prófdómara og prófnefndir, sér um skipun leiðbeinanda utan skólans og heldur utan um rannsóknarnámssjóð Háskóla Íslands á Hólum.

11. gr.

Námsnefnd.

Í hverri deild skal starfa námsnefnd, sem skipuð er tveimur kennurum, skipuðum af deildarstjóra og tveimur fulltrúum sem tilnefndir eru af nemendum deildar, bæði í grunn- og framhaldsnámi. Námsnefnd er skipuð til eins árs í senn. Námsnefnd er vettvangur umræðu um þróun kennsluskrár, kennsluáætlanir og framvindu námskeiða.

12. gr.

Deildarstjórar.

Stjórn háskóladeilda er í höndum deildarstjóra sem skipaður er af rektor til tveggja ára í senn, samkvæmt tilnefningu deildarfundar. Þeir stjórna málefnum hverrar deildar háskólans, í umboði rektors og háskólaráðs, og hafa frumkvæði að mótonum stefnu hennar. Þeir vinna fjárhagsáætlun fyrir deildina í samráði við sviðsstjóra mannaðs, gæða og rekstrar og bera ábyrgð á mannahaldi og öllum aðföngum deildarinnar. Þeir bera ábyrgð á fasteignum, aðstöðu, búnaði og öðrum eignum skólans sem tilheyra deildinni og gera áætlanir um uppbyggingu og nýtingu þeirra. Deildarstjórar bera faglega ábyrgð á kennslu- og rannsóknarstarfsemi deildanna og stýra daglegri starfsemi og rekstri þeirra.

13. gr.

Deildarfundir.

Deildarfundir fjalla um fagleg málefni hverrar deildar og skal boðað til þeirra minnst einu sinni á ári. Á deildarfundum eiga sæti allir fastráðir starfsmenn deildarinnar og tveir fulltrúar nemenda kjörnir til eins árs í senn. Tilgangur deildarfunda er að:

vera vettvangur umræðna um markmið og hlutverk deildarinnar,
fjalla um skipulag kennslu, námsframboð og námsleiðir,
fjalla um rannsóknir í háskóladeildum,
fjalla um fagleg málefni sem snerta deildina,
kjósa í ráð og nefndir - kjósa deildarstjóra.

14. gr.

Kosning deildarstjóra.

Deildarstjóri skal kosinn úr hópi prófessora, dósenta og lektora deildarinnar sem gegna fullu starfi. Deildarstjóri er kosinn til tveggja ára í senn, með skriflegri kosningu. Upphaf kjörtímabils miðast við 1. ágúst og lok við 30. júlí að tveimur árum liðnum. Kjörgengum starfsmönnum, þ.e.

Nr.

22. desember 2023

lektorum, dósentum og prófessorum, er skylt að taka við kosningu til deildarstjóra. Endurkjósa má deildarstjóra, en hann hefur rétt til að skorast undan endurkjöri. Sá sem gegnt hefur embætti rektors, getur jafnframt skorast undan kjöri til deildarstjórastarfa næsta kjörtímabil eftir að hann létt af rektorsstörfum. Láti deildarstjóri af störfum skal kjósa deildarstjóra fyrir þann hluta kjörtímabilsins sem eftir er.

15. gr.

Almennir starfsmannafundir.

Almennir starfsmannafundir eru haldnir til að ræða málefni háskólans. Rektor boðar til starfsmannafunda eftir þörfum. Jafnframt geta deildarstjórar boðað til sérstakra starfsmannafunda innan deilda.

16. gr.

Um samráð við aðra háskóla og samstarfsstofnanir háskólans.

Háskólinn á Hólum og einstakar deildir hans skulu hafa samráð og samstarf við aðra háskóla, bæði innlenda og erlenda, til að nýta sem best tiltæka starfskrafa, gögn og aðstöðu og stuðla að fjölbreyttari menntunarkostum í samræmi við lög nr. 85/2008 og nr. 63/2006. Háskólinn á Hólum er þáttakandi í samstarfsneti opinberra háskóla. Leita skal samkomulags við samstarfsaðila um gagnkvæma viðurkenningu námsþáttu. Háskólanum er einnig heimilt að gera samstarfssamninga við aðrar stofnanir sem tengjast starfssviði háskólans. Deildarstjórar og sviðsstjórar skulu hafa forgöngu um samstarf og samræmingu í ofangreindum málaflokkum.

17. gr.

Gæðaeftirlit.

Í Háskólanum á Hólum skal fara fram regluglegt mat á innra starfi háskólans, sbr. lög nr. 85/2008 og lög nr. 63/2006. Háskólinn á Hólum setur sér aðrar reglur eins og við á, s.s. siðareglur, rannsóknastefnu, umhverfisstefnu, starfsmannastefnu, jafnlaunastefnu og jafnréttisáætlun.

III. KAFLI

Deildir og akademískir starfsmenn.

18. gr.

Deildir háskólans.

Starfsemi Háskólans á Hólum er skipt niður á deildir sem hver um sig ber ábyrgð á þeim kennslu- og rannsóknaverkefnum sem tilheyra viðkomandi deild. Deildir Háskólans á Hólum eru: ferðamáladeild, festafræðideild og fiskeldis- og fiskalíffræðideild. Meginmarkmið ferðamáladeilda eru að afla og miðla þekkingu um ferðamál í dreifbýli, til að auka fagmennsku, nýsköpun og tryggja ábyrga uppbyggingu ferðaþjónustu á Íslandi. Í starfi deildarinnar er lögð áhersla á gæði, samstarf og fjölbreytni. Markmið hestastræðideilda er að veita fagmenntun í hestastræðum, reiðmennsku, reiðkennslu og tamningum sem og að vinna að þróun og nýsköpun með rannsóknarstarfsemi. Með þessum hætti verði stuðlað að aukinni fagmennsku og arðsemi í atvinnugreininni, útbreiðslu hestamennskunnar og velferð hestanna. Markmið fiskeldis- og fiskalíffræðideilda er að afla og miðla þekkingu á fiskeldis- og fiskalíffræði, auk sjávar- og vatnalíffræði. Deildin stuðlar að faglegrí uppbyggingu fiskeldis í anda sjálfbærrar þróunar. Markmiðum skólans er mætt með kennslu, rannsóknum og þróunarverkefnum í samstarfi við atvinnulíf og fræðasamfélag innan lands sem utan.

19. gr.

Akademískir starfsmenn.

Við Háskólanum á Hólum starfa prófessorar, dósentar og lektorar. Þeir eru fastráðir starfsmenn og starfa við kennslu, rannsóknir, stjórnun og/eða önnur þau verkefni sem þeim eru falin af rektor og deildarstjórum og almennt falla undir starfssvið háskóla. Heimilt er að ráða aðra starfsmenn til sérhæfðra starfa. Jafnframt er heimilt að ráða aðjúnkta til tímabundinnar kennslu og fræðistarfa. Um starfsskyldur, réttindi og ráðningar starfsmanna fer að öðru leyti eftir kjarasamningum og nánari ákvæðum í lögum og reglugerðum.

Nr.

22. desember 2023

20. gr.

Rannsóknarleyfi.

Rektor er heimilt að veita fastráðnum starfsmönnum háskólans rannsóknaleyfi í samræmi við reglur þar að lútandi.

IV. KAFLI

Nemendur, kennsla og próf.

21. gr.

Innritun stúdenta.

Rektor og háskólaráð setja sérstakar námsreglur um nemendur, kennslu, próf og skipan námsbrauta.

V. KAFLI

Gildistaka og endurskoðun.

22. gr.

Gildistaka og endurskoðun á starfsreglunum.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í lögum nr. 85/2008 og öðlast þegar gildi. Þær skal endurskoða eigi síðar en tveimur árum frá undirskrift þeirra.

Jafnframt falla brott sama efnis nr. 25/2017.

Pannig samþykkt af háskólaráði Háskólans á Hólum, 22. desember 2023.

Hólmfríður Sveinsdóttir rektor.

B-deild – Útgáfudagur: 12. febrúar 2024